

Efni: Skipulagslýsing – Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Stykkishólms og nýtt deiliskipulag fyrir Vigrholt við Vigráfjörð

Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér lýsingu á breytingu aðalskipulags Sveitarfélagsins Stykkishólms og nýtt deiliskipulag Saura 9 við Vigráfjörð.

Í skipulagslýsingu kemur fram:

„Áætluð stærð deiliskipulagssvæðisins er 134,5 ha. Nafni svæðisins verður breytt úr Saurar 9 í Vigrholt við Vigráfjörð. Gert ráð fyrir að þar muni rísa allt að 33 frístundahús, allt að 10 íbúðarhús og hótél með baðlóni, veitingahúsi og handverks brugghúsi. Hótelherbergin verða frístandandi smáhýsi á þjónustusvæði hótelsins. Tillagan gerir einnig ráð fyrir að heimilt verði að byggja gestahús á lóðum frístundahúsa og íbúðarhúsa. Hámarks byggingarmagn á deiliskipulagssvæðinu er áætlað 21.500 m².

(Heimild: Skipulagslýsing, bls. 3)

Skipulagssvæðið sést á mynd 1.



Mynd 1: Skipulagssvæðið við Vigráfjörð. Heimild: Skipulagslýsing ARKÍS.

Breiðafjarðarnefnd veltir fyrir sér hvar innan deiliskipulagssvæðisins sé gert ráð fyrir uppbyggingu. Áætlað byggingarmagn á deiliskipulagssvæðinu er 2,1 ha á landi sem er 134,5 ha. Staðsetning bygginga innan skipulagssvæðisins gæti gefið vísbendingar um möguleg áhrif á verndarsvæði Breiðafjarðar, sem er verndað samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar¹. Verndarsvæðið nær yfir fjörur við skipulagssvæðið og leggur nefndin áherslu á að fjörum verði ekki spillt í nánari útfærslu skipulagsins.

¹ Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

Í kafla 3.1 um landslag og gróðurfar er fjallað um vistgerðir innan skipulagssvæðisins. Samkvæmt skipulagslýsingu er á svæðinu tjarnarstararfloavist, starungsmýravist, lyngmóavist, mosamóavist, finnugsvist, stinnastaravist, hraungambravist, starmóavist, mosamóavist og sjávarfitjungavist.

Margar tilgreindar vistgerðir á skipulagssvæðinu eru með hátt eða mjög hátt verndargildi samkvæmt upplýsingum Náttúrufræðistofnunar Íslands². Breiðafjarðarnefnd bendir sérstaklega á sjávarfitjar og leirur við Vigrafjörð sem eru innan verndarsvæðis Breiðafjarðar og njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd³. Kafllinn tilgreinir ekki kjarrskógavist (birkiskóg) sem teygir sig yfir austurhluta skipulagssvæðisins, sbr. mynd 2. Verndargildi kjarrskógavistar er hátt og er vistgerðin



Mynd 2: Kjarrskógavist (L11) á skipulagssvæði samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Heimild: <https://vistgerdakort.ni.is>

á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar⁴. Birkiskógur nýtur, eins og sjávarfitjar, sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Vistgerðakortið byggist að langmestu leyti á sjálfvirkum lestri úr gervitunglamyndum og getur framsetning vistgerða þar af leiðandi verið ónákvæm í kortasjá. Breiðafjarðarnefnd leggur til að farið verði í staðbundna gróðurathugun til að kortleggja vistgerðir við verndarsvæðið. Þannig er hægt að tryggja að ekki verði raskað vistgerðum með hátt eða mjög hátt verndargildi á og við verndarsvæði Breiðafjarðar.


Mynd 3 sýnir skjáskot úr kortasjá Sveitarfélagsins Stykkishólms þar sem vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru skráðar við skipulagssvæðið⁵.

² Náttúrufræðistofnun. (e.d). *Staðreyndarsíður vistgerða*. <https://vistgerdakort.ni.is>

³ Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd: <https://www.althingi.is/lagas/153c/2013060.html>.

⁴ Náttúrufræðistofnun. (e.d). *Kjarrskógavist*. <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/kjarrskogavist>

⁵ Sveitarfélagið Stykkishólmur. (e.d.). *Vefsja Sveitarfélagsins*. <http://vefsja.stykkisholmur.is>.



Mynd 3: Vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Heimild: Vefsja Sveitarfélagsins Stykkishólms <http://vefsja.stykkisholmur.is>.

Skipulagslýsingin setur ekki fram upplýsingar um fráveitumál. Fráveitumál geta haft bein áhrif á verndarsvæði Breiðafjarðar og þarf að gæta verndarsvæðisins í nánari útfærslu skipulags. Breiðafjarðarnefnd gerir ráð fyrir því að fráveita verði útfærð nánar í skipulagsferli og að skipulagið verði send Breiðafjarðarnefnd til umsagnar.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar